



STAÐARREGLA UM KYLFUBERA Á MÓTARÖÐ UNGLINGA 2019

Eftirfarandi reglur gilda um kylfubera gilda á mótariöð unglinga árið 2019 skv. fyrirmynd staðarreglu H-1.1og koma til viðbótar almennum staðarreglum vegna GSÍ móta 2019.

Flokkar 15-16 ára, 17-18 ára og 19-21 árs

Reglu 10.3a er breytt þannig: Leikmaður má ekki nota kylfubera á meðan umferðin er leikin, nema með leyfi mótsstjórnar.

Víti fyrir brot á staðarreglu:

- Leikmaðurinn fær almenna vítið fyrir hverja holu þar sem hann naut aðstoðar kylfubera.
- Ef brotið á sér stað eða heldur áfram á milli tveggja hola hlýtur leikmaðurinn almenna vítið á næstu holu.

Flokkar 14 ára og yngri

Kylfubera eru heimilir, sbr. reglu 10.3a.

Athugið:

Kylfuberi má einungis bera/draga útbúnað leikmanns og veita honum ráð samkvæmt golfreglum. Önnur afskipti eru óheimil.

Kylfuberi skal aldrei hafa orð fyrir keppanda og skal halda öllum samskiptum við aðra keppendur í algjöru lágmarki. Kylfuberi og leikmaður hans geta að sjálfsögðu ráðfært sig hvor við annan um einstök atvik í ráshópnum á hófstílltan og lítið áberandi hátt, en það er ávallt kylfingur sem tjáir sig við aðra keppendur. Höfum það hugfast að golfleikur krefst mikillar einbeitingar og að minnsta áreiti getur komið keppanda úr jafnvægi.

Brot á framangreindu geta leitt til brottvikningar kylfubera eftir aðvörun dómara.



STAÐARREGLA UM KYLFUBERA Á MÓTARÖÐ UNGLINGA 2019